

OMX IS	1.372	0.8%	OMX C	752	1.5%	OMX H	2.985	1.9%	Dow Jones	17908	1.8%	FTSE	6570	2.3%
--------	-------	------	-------	-----	------	-------	-------	------	-----------	-------	------	------	------	------

**Stuttar fréttir...
Óbreyttir vextir í Bretlandi**

● Englandsbanki tilkynnti í gær óbreytta stýrivexti og verða þeir áfram 0,5%. Þrátt fyrir aukinn hagvöxt og vísbendingar um að laun kunni að hækka hraðar en verðbólga í Bretlandi áttu greinendur á markaði almennt ekki von á fjöndum á þessum fyrsta vaxtaákvörðunarfundi ársins. Er því almennt spáð að vextir muni ekki hækka aftur fyrr en á síðari helmingi ársins og jafnvel ekki fyrr en á næsta ári. Verðbólga er lítil um þessar mundir en hún fór niður í 1,0% í nóvember, sítt lægsta gildi í 12 ár.

Sektar Plúsmarkaðinn

● Áfrýjunarnefnd neytendamála hefur nú staðfest 350.000 króna **stjórvaldssekt** sem Neytendastofa lagði á Plúsmarkaðinn vegna **verðmerkinga** á síðasta ári. Í úrskurðinum segir að það hafi verið í fullu samræmi við **meðalhófsreglu** að beita sektum fyrir brot Plúsmarkaðarins. Þá sé sektarfjárhæðin innan hóflegra marka.

Ísland í 18. sæti yfir mestu veiðipjóðir



● Árið 2012 var **heimsaflinn** 92,5 milljónir tonna, sem er tæpum 2,4 milljónum tonna minna en árið áður. Norðmenn veiddu mest allra Evrópuþjóða og eru í 12. sæti yfir mestu veiðipjóðir. **Íslendingar** veiddu næstmest allra Evrópuþjóða og eru í 18. sæti heimslistans. Tæpar **1,3 milljónir** tonna veidist um Ísland árið 2012, eða um **1,4%** af heimsaflnum. Þetta kemur fram á heimasíðu Hagstofunnar.

mestu veiðipjóðir. **Íslendingar** veiddu næstmest allra Evrópuþjóða og eru í 18. sæti heimslistans. Tæpar **1,3 milljónir** tonna veidist um Ísland árið 2012, eða um **1,4%** af heimsaflnum. Þetta kemur fram á heimasíðu Hagstofunnar.

Skannuðu kóðann til að sjá gengið eins og það er núna á **mbl.is**

Gengisskráning 8. janúar 2015

	Kaup	Sala	Mó
DOLLARI	130,36	130,98	130,67
STERLINGSPUND	196,27	197,23	196,75
KANADADOLLARI	110,36	111	110,68
DÖNSK KRÓNA	20,519	20,739	20,679
NORSK KRÓNA	16,946	17,046	16,996
SÆNSS. KRÓNA	16,296	16,392	16,344
SVISSN. FRANKI	127,74	128,46	128,1
JAPANSKT JEN	1,0877	1,0941	1,0909
SDR	185,81	186,91	186,36
EVRA	153,42	154,28	153,85
MEDALGENGI/VÍÐSKIPTAVOG PRÓNG	207,1919		

Heimil: Seðlabanki Íslands

Reglur um viðskipti tengdra aðila draga úr samkeppnishæfni

● Lögfræðingur hjá Deloitte telur reglur um milliverðlagningu óþarflega íþyngjandi

VIÐTAL
Brynja Björg Halldórsdóttir
brynja@mbl.is

Alþjóðlegar reglur um milliverðlagningu verða innleiddar með töluvert meira íþyngjandi hætti en í mörgum öðrum ríkjum, en reglugerð um útfærslu þeirra var birt fyrir skömmu. Haraldur Ingi Birgisson, lögfræðingur á skatta- og lögfræðisviði Deloitte, segir reglugerðina valda nokkrum vonbrigðum og geta dregið úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

Árið 2013 voru leiðbeiningarreglur OECD um milli-verðlagningu innleiddar í íslensk lög. Þeim er ætlað að koma í veg fyrir að vara eða þjónusta sé seld á milli tengdra aðila á óeðlilega háu eða lágu verði. Í því skyni að hafa áhrif á skattstofna aðilanna.

Prátt fyrir að lögin hafi tekið gildi fyrir rímu ári var reglugerð til útfærslu á þeim ekki birt fyrr en 23. desember síðasthöfnum. „Við höfum þurft að bíða ansi lengi eftir setningu reglugerðar sem útfærir þessar reglur nánar. Reglugerðin ber með sér að íslensk yfirvöld ætla að ganga töluvert lengra í þessum málum en mörg önnur ríki,“ segir Haraldur.

Nefnir hann tvö dæmi. Annars vegar sé lögð skylda á herðar þeim fyrirtækjum sem falla undir reglurnar, það er fyrirtækjum sem hafa yfir milljarð í árlegri veltu eða heildaráreignir, að verðmeta allar óefnislegar eignir sem nýttar eru í viðskiptum. Hins vegar falli viðskipti á milli tveggja innlendra aðila undir reglugerðina. Hvort tveggja tókist alla jafna ekki í mörgum öðrum ríkjum.

„Með sanni má segja segja að höggvöld sé í samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja í samanburði við fyrirtæki annars staðar,“ segir Haraldur. „Maður veltir því fyrir sé hvort ákjósanlegt sé að taka svona stórt stökk í upphafi, sér í lagi í ljósi þess að við erum með síðustu OECD-löndum til að innleiða reglurnar. Danir, sem hafa 15 ára reynslu af því að vinna með leiðbeiningarnar, ganga ekki svona langt í framkvæmd. Vilj-



OECD-reglur Auknar kröfur um skjölun verða gerðar til fyrirtækja.

um við ekki byrja örlítið hægjar og skapa einhverja framkvæmd um beitingu reglnanna, áður en við tökum stærri skref.“

Hann segir reglurnar skapa aukio flækjustig og reglubyrdi, sérstaklega fyrir fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri, sem séu von reglum um milliverðlagningu annars staðar. „Við teljum réttara að stíga varlega til jarðar. Núna þurfa fyrirtæki sem falla undir reglurnar að undirbúa svokallaða milliverðlagsskjölun, samkvæmt forskrift OECD. Þau þurfa þannig að halda viðamiklu magni af upplýsingum til haga.“

Haraldur furðar sig á því að viðskipti á milli fyrirtækja sem aðeins eru starfrækt á Íslandi séu latin falla undir reglur um milliverðlagningu. „Pau fyrirtæki eru þarna undir, þó svo að þau séu ekki í aðstöðu til að flytja skattstofna á milli landa. Fyrirtækin eru jafnvel samskötúð og skattlagning þeirra á sér stað á Íslandi.“

Þess vegna veltum við fyrir okkur nauðsyn þess að þessi fyrirtæki þurfi að undirbúa ítarlega milliverðlags-

skjölun og undirgangast ríkar kröfur, með tilheyrandi kostnaði.“

Fordæmi fyrir undanþágum

Fordæmi eru fyrir því að undanþágja innlenda aðila frá reglum um milliverðlagningu, að sögn Haraldar. „Lönd í kringum okkur, til dæmis Pýskaland og Finnland, eru ekki með innlenda aðila þarna undir. Í Danmörku er ekki fylgst með innlendum aðilum í framkvæmd. Þó svo að reglurnar taki til þeirra er áherslan öll á fyrirtæki í alþjóðviðskiptum.“

Þá bendir hann á að fordæmi frá dömsstól ESB styðji að það teljist ekki mismunur um undanskilja innlenda aðila frá reglum um milliverðlagningu, þar sem ekki sé um sambærilegar aðstæður að ræða. „Þörfin á þessum viðbóturupplýsingum um viðskipti innlendra aðila er vart til staðar, því skattfyrirvöld hér heima eru með allar helstu upplýsingar. Löggjöfin og reglugerðin öllu okkur því nokkrum vonbrigðum.“

Viðhorfskónun sem alþjóðafyrirtæki Deloitte framkvæmdi, með því að spyrja 1.700 stjórnendur víða um

MILLIVERÐLAGNING
OECD-reglur innleiddar

Nýjar reglur um milliverðlagningu (e. Transfer Pricing) hafa gilt á Íslandi frá lokum 2013. Reglugerð um útfærslu þeirra var svo birt skömmu fyrir áramótin. Um er að ræða innleiðingu á OECD-reglum. Milliverðlagning er verðlagning á vöru og þjónustu milli tengdra aðila. Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að verð fyrir vöru eða þjónustu í viðskiptum tengdra aðila sé óeðlilega hátt eða lágt, í því skyni að hafa áhrif á skattstofn félaganna. Þannig er komið í veg fyrir að móður- og dótturfélag hagræði viðskiptum sínum þannig að annað félaganna verði fyrir rekstrartapi eða að hagnadir sé skattlagður í landi þar sem skattur er lægri.

heim, leiddi í ljós að tæpur helmingur aðspurðra taldi reglur um milliverðlagningu fela í sér miðlungs eða mikla áhættu fyrir sinn rekstur. Aðeins tæpur fimmtungur var nokkuð sáttur með hæfni sína til að takast á við áhættuna. „Áhættan felst í því að skattfyrirvöld geta farið í úttekt á viðskiptum tengdra aðila til að athuga hvort fyrirtæki hafi hagað sínum viðskiptum í samræmi við leiðbeiningarnar. Ef svo er ekki, geta skattfyrirvöld endurákvæð skattstofna þess,“ útskýrir Haraldur. „Félag sem hefur átt í miklum viðskiptum við tengda aðila getur þannig lent í úttekt og skattfyrirvöld endurákvæð hagnað þess upp eða niður, um verulegar fjárhæðir.“

Haraldur segir Dani tiltölulega aðgangsharða í þessum efnum. Á árunum 2008-2013 hafa skattfyrirvöld hækkað skattstofna þar í landi um 75 milljarða danskra króna, eða um 1.560 milljarða íslenskra króna, í kjölfar úttektar á viðskiptum tengdra aðila. Stór fyrirtæki geti vænst þess að vera tekin út á þriggja ára fresti.

Margar gerðir af innihurðum

Hjá Parka færðu gullfalegar innihurðir. Miklið úrval, sjón er sögu ríkari! Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Parki INTERIORS

Dalvegi 10-14 • Kópavogi

Snjallur Afkoma Samsung dalar.

Lakari afkoma Samsung

Rekstrarafkoma Samsung á fjórða ársfjórðungi féll um 37,4% miðað við sama tímabil 2013. Afkoman var samt sem áður betri en markaðsgreinendur höfðu búist við og bætti kröftug sala á minnisflögum upp samdrátt í sölu á farsímum. Rekstrarbagnaður nam 4,7 milljörðum dollara á fjórða ársfjórðungi, eða sem svarar til líllega 615 milljarða íslenskra króna. Markaðshlutdeild Samsung í sölu farsíma í heiminum hefur fallið úr 35% niður í 25% á einu ári.